EITT: Þetta kalla ég sko dropateljara. Ég sver að með svona vönduðu tóli er hægt að vinna vel.

TVÖ: Já, en það er bara það að droparnir þínir fóru of hratt til baka. Þú hafðir ekki tíma til að telja þá.

EITT: Ég reyndi það ekki. Ef að þú vissir eitthvað um dropateljara þá myndir þú vita að hann virkar bara í aðra áttina.

TVÖ: Ah.

EITT: Hann telur dropana á leiðinni út en ekki á leiðinni inn. Það er vit í því. Hann er eins og tappatogari.

TVÖ: Ó, það eh...

EITT: Hvað: ó það? ...Tappatogari togar tappa upp, dropateljari þrýstir dropunum niður.

TVÖ: Ertu viss um að þessi dropateljari sé í alvöru frá Besançon ?

EITT: Hann er sko alvöru, það mest ekta sem til er. Mamma mín keypti hann þar.

TVÖ: Er mamma þín frá Besançon?

EITT: Já.

TVÖ: Já... veistu, það eru ekki góð rök, að mamma þín sé frá Besançon. Það er fullt af fólki frá Besançon. Svo finnst mér að virkilega fullkominn dropateljari ætti að geta talið dropana í báðar áttir, þegar þeir koma inn og þegar þeir fara út.

EITT: Getur þú sagt mér hvaða tilgangi það myndi þjóna að telja dropana tvisvar með dropateljara. Svo væri það flókið ef að talningin væri ekki sú sama í seinna skiptið.

TVÖ: Það er engu að síður það sem þú þarft að gera núna, að telja dropana aftur.

EITT: Já, en það er mér að kenna. Þegar maður telur eitthvað þá þarf maður að vanda sig; ef ég hefði vandað mig, þá þyrfti ég ekki að telja aftur.

TVÖ: Einmitt það, já, af því að það ert þú sem þarft að vanda þig. Það ert þú sem þarft að telja dropana þína. Dropateljarinn telur alls ekki neitt.

EITT: Og hvað með það? Ekki heldur tappatogari, hann togar ekki einn, þú þarft líka að toga.

TVÖ: Ef að þetta virkar alveg eins og tappatogari, myndi ég ekki kalla þetta dropateljara, ég myndi kalla þetta dropaþrýstara. Mamma þín var plötuð.

EITT: Já þú meinar, auðvitað. Ef ég ætti peninga til að brúðla með þá myndi ég kaupa mér sjálfvirkan dropateljara.

TVÖ: Er það til?

EITT: Óhjákvæmilega af því að allir leigubílar eru með svoleiðis. Já, undir mælaborðinu. Það segir tikk-takk og gengur alveg sjálft.

TVÖ: Það telur ekki dropa heldur kílómetra.

EITT: Heldur þú það?! Leigubílstjórar hafa enga ástæðu til að telja kílómetra af því að þeir eiga sko ekki kílómetrana þannig að þeir geta ekki selt þá.

TVÖ: Jæja, hvaða tilgangi þjónar þá mælirinn?

EITT: Þeir mæla bensíndropa. Þetta eru dropateljarar.

TVÖ: Jahá.

EITT: Ætlar þú að leyfa mér að telja dropana mína ?

TVÖ: Bíddu! Sýndu mér þá fyrst. Flott. Jæja, hvar sérð þú dropana þína?

EITT: Ég get ekki sýnt þér það af því að þeir eru ekki orðnir til ennþá.

TVÖ: Ég velti því virkilega fyrir mér hvenær þessir svokölluðu dropar þínir verða til.

EITT: Ekki fyrr en ég læt þá fara út.

TVÖ: Þú?

EITT: Ég. Úr dropateljaranum

TVÖ: Þannig að ekki einungis er dropateljarinn ekki fær um að telja, hann er heldur ekki fær um að búa þá til sjálfur! Hann er ekki dropateljarinn! Þú ert dropateljarinn!

EITT: Dropateljari er eins og trompet. Til að spila á trompet þarftu trompet og trompetleikara.

TVÖ: Það gera tvö trompet.

EITT: Nei.

TVÖ: Nei! Ef þú kannt ekki að telja! Trompet og trompet, hvað gerir það?

EITT: ÞAU gera tónlist.

TVÖ: Tónlist... Akkúrat það. Tónlist er eins og dropar. Þú getur ekki talið hana. Af því að hún er bara til á því augnabliki sem hún kemur út úr trompetinu, áður var hún það ekki, á eftir er hún það ekki lengur.

EITT: Áður er hún það ekki! En ef að droparnir mínir hefðu verið til áður en að ég taldi þá hefði ég ekki þurft dropateljara! Ég hefði getað talið þá á fingrum mér!

TVÖ: Ef þú hefðir getað talið þá á fingrum þér, þá væru þetta ekki dropar.

EITT: Hvað væri þetta þá?

TVÖ: Kúlur.

EITT: Kúlur?

TVÖ: Kúlur.

EITT: Það er það sem væri gott fyrir heilsuna mína.

TVÖ: Málið snýst ekki um heilsu, málið snýst um að telja. Náðu í poka af kúlum.

EITT: Til hvers?

TVÖ: Við ætlum í stærðfræði, þú sérð það.

EITT: Ég vill frekar vinna með dropana mína.

TVÖ: Við getum ekki notað dropa í stærðfræði. Þú getur opnað hvaða stærðfræði fræðirit sem er, hérna er Chénivier. Sko, hann segir strax: Náðu í poka af kúlum. Hann segir aldrei: Náðu í poka af dropum. Jæja, náðu í poka af kúlum.

EITT: Allt í lagi, einungis til að þóknast þér.

TVÖ, *lesandi upprunalega „Handbók fyrir stærðfræði“ eftir Hachette Chévenier, 1931:*
Hvað eru margar kúlur í þessum poka?

EITT: Ég skal segja þér það

TVÖ: Já, nei! Ef að þú telur er þetta of auðvelt. Bíddu. Hvað eru margir kjúklingar í þessu búi?

EITT: ...

TVÖ: Hvað eru mörg hús í þessari götu? Hvað eru margir gluggar í þessari blokk?

EITT: Hverri?

TVÖ: Það skiptir ekki máli.

EITT: uh sko...

TVÖ: „Uh sko!“ Svarið við þessum fjölbreyttu spurningum er einhver tala. Fjögur dekk eru eitt dekk og svo eitt dekk í viðbót og svo eitt dekk í viðbót... og svo eitt dekk í viðbót. Fjórir fætur eru einn fótur (*o.s.frv.*)... Fjórir hermenn eru einn hermaður, *o.s.frv.* Við getum skrifað: Fjórir punktur-punktur-punktur (*o.s.frv.*)... og sett alltaf sama orðið í staðinn fyrir punktur-punktur-punktur. Þarna er listi: kastaníuhmeta, blekbytta, hnífur, maður, hægindastóll...

EITT: Dropar...

TVÖ: Nei, ekki dropar! Þarna eru ekki dropar.

EITT: Þeir ættu að vera þar af því að fjórir dropar eru einn dropi og svo einn dropi í viðbót og svo einn dropi í viðbót og svo einn dropi í viðbót.

TVÖ: Nei! Það eru ekki fjórir dropar, það er leki. Náðu í kúlu.

EITT: Aftur?

TVÖ: Geymdu þá sem þú ert með, tölum ekki um hana. Tökum fram eina kúlu sem við setjum á borðið.

EITT: Hérna.

TVÖ: Tökum fram aðra. Þá er ein sem er á borðinu og...

EITT: Tvær.

TVÖ: Nei, ekki tvær. Ein og tvær gera þrjár. Það eru ein og ein. Við segjum að við séum með tvær. Ef að við setjum eina í viðbót á borðið erum við með...?

EITT: Þrjár.

TVÖ: Ertu viss? Heyrðu, já, þú gætir haft rétt fyrir þér. „Við segjum að við séum með þrjár.“

EITT: Það er kannski óþarfi að segja það.

TVÖ: Bíddu. „Fyrir þessa aðgerð voru ekki kúlur á borðinu. Þá myndum við segja?“

EITT: Ekki.

TVÖ: Nei, ekki „ekki“. „Við segjum að það hafi verið núll. Núll er tala sem stendur fyrir fjarveru hlutar.“ Einmitt, þarna, fjarvera hlutar. Droparnir þínir eru fjarverandi. Við erum með núll hérna, við erum með núll þarna og við erum alltaf með núll. „Náðu í poka af kúlum!“

EITT: Aftur?! Heldur þú að það hafi verið svona sem þú lærðir stærðfræði?

TVÖ: Nei, en það er svona sem ég lærði kúluspil.

EITT: Jæja, skilaðu mér nú dropateljaranum mínum af því að ég lækna mig ekki með kúluspili.

TVÖ: Hvað viltu? Ég veit ekki lengur hvað ég á að segja við þig.

EITT: Flott, ekki segja mér neitt.

TVÖ: Teldu dropana þína! Þeir blandast aftur saman og það verður eins og þú hafir ekki gert neitt með Besançoninum þínum. Ég þarf hinsvegar ekki kúluteljara fyrir kúlurnar mínar af því þær telja sig sjálfar. Ég er alveg viss um að ef að ég teldi þær þá myndu þær ekki breytast í poll. Ég skal sýna þér, vittu til.

EITT: Ætlar þú að leyfa mér að telja kúlurnar mínar. Gropana mína ? Dropana mína ?

TVÖ: Það truflar mig ekki neitt. Einn, tveir, þrír (*o.s.frv.*)... Tólf...

EITT: Einn, tveir, þrír (*o.s.frv.*)... Tíu. Tíu.

TVÖ: Tólf.

EITT: Ertu viss?

TVÖ: Nei.

EITT: Ég ætla samt sem áður að skila tveimur. Það er skynsamlegra.

TVÖ: Er það með dropateljaranum sem þú ætlar að skila þeim?

EITT: Já.

TVÖ: Þú veist vel að þú getur ekki talið dropanna þína aftur á bak, þú sagðir það sjálfur.

EITT: Þú hefur rétt fyrir þér. Jæja, ég verð þá víst bara að telja þá beint. Með munninum á mér.

TVÖ: Ó, nei! Það er ekki skynsamlegt! Fyrir alla muni ekki taka meira en ráðlagðan dagskammt! Bíddu, ég tel með þér.

Eitt drekkur innihald glassins með hávaða og kyngir eftir hvern sopa.

Tvö telur þá með því að fylgjast með hreyfingunni á adamseplinu.

TVÖ: Einn, tveir, þrír (*o.s.frv.*)... Ellefu! Ég taldi ellefu!

EINN: Tíu. Sá ellefti... (*hann ropar*) ...það var loftbóla.

5.2. Píanótíminn

Eitt spilar eina nótu.

TVÖ: Nei, ég sagði do.

EITT, *syngur og spilar*: do

TVÖ: Þú segir do, en þú spilar re.

EITT: Spilaði ég re?

TVÖ: Jahá, þú spilar sko re. Hvernig?!

EITT: Ha? Ég skil ekki hvernig þú ferð að því að heyra muninn.

TVÖ: Láttu ekki svona! Muninn?! Þú þarft bara að horfa! Hvar eru tvær litlar svartar nótur saman?

EITT: Uh... Einn, tveir, þrír: það er ekki þarna... Þarna! *Eitt spilar.*

TVÖ: Gott og vel, ég er búin að segja þér það hundrað sinnum að do er beint fyrir framan tvær litlu, svörtu nóturnar.

EITT: Ah! Einmitt! Já! Einmitt!

TVÖ: Flott. Jæja, eftir hverju ertu að bíða? Spilaðu nú fyrir mig do.

EITT: Æ! Það er bara... eh-he-he!

TVÖ: Hvað meinarðu: eh-he-he?

EITT: Bara að það eru nokkrar svona nótur, eins og þú nefndir, beint fyrir framan tvær litlar svartar nótur.

TVÖ: Ýttu á hverja af þeim sem er! Þessa sem er fyrir framan naflann á þér!

EITT: Já, einmitt, af því að allar þessar nótur þarna eru do, allar þessar?

TVÖ: Já.

EITT: Já, einmitt. Það er aldeilis að þú ert með af do-um á píanóinu þínu. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 do, það er ekkert annað. Svo líka þessi þarna, þarna hátt uppi, þó að það sé eiginlega ekki hægt að segja að þetta sé í raun og veru do af því að það er ekki fyrir framan tvær litlar, svartar nótur af því að á þessum stað endar píanóið. Eftir hana er bara viður.

Eitt Bankar.

TVÖ: Þetta er nú samt do.

EITT: Já, það er þannig, það gerir átta. Átta do. Þetta er nú meira lúxus píanóið, þetta píanó þitt, ha? Er þetta Pleyel-píanó?

TVÖ: Hlustaðu nú, við erum hérna til að vinna en ekki til að ræða kenningar. Ef þú vilt endilega vita það eru átta do á öllum píanóum. Viltu nú vera svo vænn að spila eina slíka nótu fyrir mig.

EITT: Allt í lagi. Ég skal spila fyrir þig, látum okkur sjá, látum okkur sjá... Ég ætla að spila þessa. Engin mótmæli?

TVÖ: Við sjáum til með það. Þegar þú spilar hana þá segi ég þér hvað mér finnst.

Smá tími líður.

TVÖ: Jæja?

EITT: Bíddu í eina sekúndu á meðan ég rifja upp... Vertu aðeins rólegur! ...Þetta er skrýtið, maður segir við sjálfan sig: „Ég mun muna það, þetta er ekki flókið!“ og svo þegar kemur að því þá er eins og það sé alveg horfið úr hausnum á manni, skilurðu?

TVÖ: Hvað? Ég var að segja þér hvar do er! Spilaðu það!

EITT: Ég sé vel hvar do er: það er þarna! En þegar kemur að því að spila það þá þykir mér fyrir því, kennari, en ég man ekki hvernig maður gerir það.

TVÖ: Veistu, þú stígur ekki beint í vitið. Hvernig gerir maður það?! Maður ýtir einfaldlega á. Að ég þurfi að minna þig á þetta grundvallar atriði þegar þetta er fimmtándi tíminn okkar, í alvöru, hvað viltu eiginlega að ég haldi?!

EITT: Já nei, af því, sko, af því, nei! Heldurðu virkilega að ég sé fæðingarhálfviti? Ýttu á! Ég veit alveg að maður ýtir á... á do. Reyndar er það ekki bara það sem maður á að ýta á, það er eins með allar nóturnar. Þetta er ekki flókið. Í alvöru, sjáðu, bara að gamni, sestu aðeins á píanóbekkin á meðan ég stend upp og þá færðu að sjá hvernig ég get ýtt á yfir tólf nótur á sama tíma, sjáðu... (*Skarkali: hann sest á nótnaborðið*) ...allt með rasskinnunum mínum!

TVÖ: Viltu! Píanó... Sestu aftur á píanóbekkin! Undir eins!

EITT: Heyrðu mig nú, hægán ungi maður. Ég er nú þegar búinn að vara þig við því að ég sætti mig ekki við að þú sýnir mér vanvirðingu. Ekki gleyma því að ég gæti verið afi þinn.

TVÖ: Ég gleymi því ekki en píanóið mitt er vinnutækið mitt, það er það eina sem ég á í lífinu og...

EITT: Og ekki gleyma því heldur að ég borga þér.

TVÖ: Sjálfsagt, en með þína hagsmuni í huga þá held ég að tímarnir okkar hingað til hafi verið uh...

EITT: Ég var að grínast. Ég vildi einfaldlega sýna þér allar nóturnar, ég veit vel að maður spilar þær með því að ýta á þær.

TVÖ: Það skiptir máli með hverju.

EITT: Nákvæmlega, það er einmitt það. Viltu hjálpa mér að draga til píanóbekkin...
Do-ið, kennari, sem við höfum hérna fyrir framan okkur. Ætlar þú aftur að segja mér eina ferðina enn að ég stígi ekki í vitið! Ég man fullkomlega að maður á að ýta á, en ég man bara alls ekki með hverju.

TVÖ: Venjulega ýtir maður á nóturnar á píanói með fingrunum.

EITT: En með fingrum hvaða handar ýti ég á nákvæmlega þetta do?

TVÖ: Með fingrum einhverrar handar, einhverrar handar sem er valin af handahófi.

EITT: Þannig að, maður ýtir á hvaða do sem er með fingrum hvorrar handar sem er?

TVÖ: Já. Það fer eftir því hvað maður vill gera eftir do-ið, ekki satt? En við erum ekki komnir þangað.

EITT: Gott og vel. Þannig að, segjum hvaða hendi sem er: þessi hérna til dæmis. Til að koma í veg fyrir allan misskilning þá set ég hina í vasann... Þannig að...

TVÖ: Do! Ég sagði do.

EITT: Með hvaða fingri? Af því að það þarf að velja hann líka.

TVÖ: Með hvaða fingri sem er.

EITT: Mig grunaði það. Þetta eru undarlegar kennslustundir hjá þér. Hvað ertu búin að kenna mér hingað til? Að ég geti spilað hvaða do sem er með því að ýta á nóturnar með hvaða fingri sem er af hvorri hendinni sem er. Segðu strax að ég eigi bara að bjarga mér sjálfur. Gjörðu svo vel, hérna kemur það, do-ið þitt! (*Eitt spilar re en syngur:*) Do!

TVÖ: Þú segir do, en þú spilar re!

EITT: Þú getur ekki vitað það, þú varst ekki að horfa.

TVÖ: Í guðanna bænum, af hverju viltu læra að spila á píanó?

EITT: Ég sver að það er ekki ég sem vil það. Það eru pabbi minn og mamma mín.

5.3. Átta millimetrar

EITT: Jæja, fæ ég að sjá þig þegar þú varst lítill?

TVÖ: Veistu, ég var mjög lítill þegar ég var lítill. Þú munt ekki gera þér grein fyrir því. Það mun koma þér á óvart.

EITT: Heldurðu það? Ég veit vel hvað þú hefur verið lítill.

TVÖ: Nú? Sést það? Ég hélt að það hafi nú ekki skilið eftir nein ummerki.

EITT: Nei. Það er ekki hægt að sjá það með því að horfa á þig. Þú hefur örugglega stækkað á mjög hefðbundinn hátt. Sama hvað ég leita þá sé ég ekkert sem er ennþá lítið á þér.

TVÖ: Það gerðist mjög hægt. Ég er orðin stór allsstaðar. En þú átt eftir að sjá það. Þú verður í vandræðum með að þekkja mig.

EITT: Á ég að slökkva ljósið?

TVÖ: Bíddu aðeins. Svo sérðu líka langömmu mína... ekki þegar hún var lítil auðvitað. Hún var þegar orðin stór þarna. En áhugavert samt.

EITT: Er þetta átta millimetra...

TVÖ: Hvorki meira né minna. Mín æska rúmast öll á filmu sem er átta millimetrar að stærð.

EITT: Kvikmyndir... pabbi minn var mun hrifnari af vatnslitamyndum en kvikmyndum. Ekki það að hann málaði svo sem aldrei mynd af mér með vatnslitunum sínum.

TVÖ: Börn hreyfa sig of mikið fyrir listmálara.

EITT: Það er ekki það. Ég hreyfði mig aldrei mikið. En pabba mínum fannst ég alltaf líta of illa út. Ég var ekki með nógu mikinn lit til að það kæmi vel út með vatnslitunum. Pabbi minn sagði við mig: Farðu í burtu, þú ert of fögur, litli minn, þú gerir myndina ljóta.

TVÖ: Veistu, þetta er gömul sýningarvél. Það vantar parta í hana. En þetta mun ganga. Ef að þú gætir sett fótinn á stallinn.

EITT: Auðvitað, auðvitað.

TVÖ: Já, einmitt, en taktu af þér skóinn fyrst. Ég biðst afsökunar á að biðja þig um þetta en sjáðu til: ég sný sveifinni með hægri hendinni, ég toga í endann á filmunni með vinstri hendinni, af því að hún spólar svo mikið til baka, og svo neyðist ég til að setja hægri fótinn inn í gangverkið af því að annars kviknar ekki á perunni; það er eitthvað sem að ég hef aldrei skilið.

EITT: Þarftu samt ekki að gera neitt með vinstri fætinum?

TVÖ: Jú. Ég nota vinstri fótinn til að halda mér uppi. Þetta er sko vél sem maður þarf að þekkja get ég sagt þér en hún hefur virkað síðan 1920 með auknum erfiðleikum.

EITT: Það er ekki bara hún sem hefur átt í auknum erfiðleikum með að virka síðan 1920. Það mikilvægasta er að hún virkar. Taktu fótinn minn og komdu honum fyrir sjálfur.

TVÖ: Takk. Þetta er einmitt fóturinn sem ég þarf.

EITT: Einmitt, segðu! Þetta er rosalega heitt!

TVÖ: Ef það kviknar í sokknum þínum þá læt ég þig vita.

EITT: Einmitt. Veistu hverju spólurnar þínar líkjast? Feitum sniglum með engu meðlæti eins og maður fær í matvöruverslunum.

TVÖ: Það er alveg rétt, já. Spóla er einhvers konar stór skel. En þú átt eftir að sjá að það verður ekki snigill sem kemur út, þetta er miklu fallegra.

EITT: Ostra ?

TVÖ: Nei. Andlitið mitt. Andlit mitt þegar ég var lítill. Nú þegar stærri en ostra en samt ennþá lítill. Þú sérð mig baða mig við ströndina í Arcachon.

EITT: Æðislegt. Ég slekk ljósið.

TVÖ: Gerðu það. Ég sný sveifinni. Sérðu? Þetta er það, hér er ég.

EITT: Ert þetta þú?

TVÖ: Þekkirðu mig ekki?

EITT: Jú, auðvitað, en hvar?

TVÖ: Nú, það er of seint, það er búið. Allt í lagi, ég er kjáni, hér er ég. Núna er þetta ég, ég þekki mig.

EITT: Svo að, þetta sem var áðan, hvað var það?

TVÖ: Það var byrjunin á myndinni, alls ekkert, það... er þar sem hún byrjaði. Sérðu hvernig ég baða mig í flýti?

EITT: Var þoka?

TVÖ: Bíddu, ég sé... nei! Þetta er ekki ég, þetta er Charles, þú veist, Charles frændi.

EITT: Ja... nei. Charles frændi minn hét ekki Charles.

TVÖ: Samt sem áður, maður þekkir hann sannarlega á maganum. Sérðu magann? Uhm, bíddu, nei, þetta er mamma.

EITT: Nújá? Og hvað með magann, hvað gæti það verið?

TVÖ: Það getur ekki verið magi. Nei, þetta er ekki magi, þetta er ég.

EITT: Hver skrambinn, ég var ekki búinn að fá tíma til að átta mig á að þetta væri þú. Ú, falleg þessi dökkhærða.

TVÖ: Já, við áttum sko stóra tík. Hér er mamma mín í nærmynd.

EITT: Hún gerir stórar öldur.

TVÖ: Þú hefur rétt fyrir þér, þetta er ekki mamma mín, þetta er Arcachon-flói. Núna lítur út fyrir að það sé þrumuveður en þetta er bara hatturinn hennar Emmu frænku fyrir linsunni.

EITT: Veistu, fóturinn minn er að brenna. Lyktin sem við finnum, er ekki af sokknum mínum?

TVÖ: Bíddu, hver er þessi stóri þarna með mikla yfirvaraskeggið? Hver skrambinn, hann fór. Ég þekkti hann ekki.

EITT: Þetta var hestur.

TVÖ: Heldurðu það? Mikið er ég ánægður að sjá þetta allt saman! Hér er Paupaul, nei, þetta er aftur frændi minn, nei, þetta er ég, já nei, þetta er húsgagn. Og þessi þarna, ég þekki hann ekki. Þetta ert sko þú gamli minn!

EITT: Ég hef aldrei stigið fæti á Arcachon. Talandi um fætur hins vegar er ég með einn sem er að brenna.

TVÖ: Ú! Hér er upptaka af flugeldasýningu.

EITT: Það er allt svart.

TVÖ: Óhjákvæmilega, þetta gerist að nóttu til. Það þarf að bíða eftir flugeldunum.

EITT: Þetta er lengi að líða. Var þetta löng nótt?

TVÖ: Já... ég man ekki eftir því að þetta hafi verið svona langt... já... já... ja hérna, þetta getur ekki verið nóttin, sjáðu til... ef þetta verður enn lengra þá er þetta ekki nótt, heldur eru þetta örugglega það að öll öryggin hafa sprungið.

5.4. Læknaviðtal

EITT: Gott. Gott. Mjög gott. Jæja, fáðu þér sæti, hérna... ?

TVÖ: Commandon.

EITT: Commandon. Við skulum sjá hvað við getum gert til að bæta ástand þitt.

TVÖ: Já, ég held að það séu þyngslin sem valda þessum svima.

EITT: Við sjáum til, við sjáum til. Ég verð samt að spyrja þig, ef þú vildir vera svo vænn, hver lét þig fá heimilsfangið mitt?

TVÖ: Gott og vel, læknir, hérna kemur það, það var ákveðið ferli sem leiddi mig til þín. Ég hef þegar ráðfært mig við nokkra sérfræðinga. Ég tók eftir því að ég fann fyrir líkamlegum óþægindum í hvert skipti sem ég fór í það. Óþægindum í tönnunum. Þar af leiðandi kallaði ég til píparann minn. Af því að mér fannst líklegt að óþægindi mín mætti rekja til vinstri kranans á baðkarinu mínu, það ískrar í honum.

EITT: Reyndar er það ekki óalgengt að verða var við svipuð vandamál og þú lýstir fyrir mér, í sumum tilfellum þar sem suð heyrir úr pípulögnum.

TVÖ: Er það nokkuð? Kenningin mín var ekki ósennileg. Samt sem áður þá leiðrétti píparinn minn þennan misskilning hjá mér í sinni fyrstu heimsókn.

EITT: Hvað heitir píparinn þinn?

TVÖ: Hann heitir Tolstoj, Lev Tolstoj. Hann er hreinn og beinn maður.

EITT: Framúrskarandi pípari í öllu falli. Ég þekki hann.

TVÖ: Hann sagði við mig: Það er ekkert að krananum þínum. Ef þú gnístir tönnum þá hlýtur eitthvað að vera að tönnum. Og hann lét mig fá heimilisfangið hjá tannlækni. Ég er búinn að fara þangað.

EITT: Það var...

TVÖ: Tannlæknirinn minn?

EITT: Já.

TVÖ: Mikli.

EITT: Mikael Mikli?

TVÖ: Nei, Alexander Mikli. Hann er hreinn og beinn maður.

EITT: Ég þekki hann, hann er framúrskarandi tannlæknir.

TVÖ: Jæja, hann sagði við mig: Vissulega eru óþægindi þín í tönnum alls ekki vegna galla í krananum þínum. Þú ert með tönn í efri kjálkanum sem þjónar engum öðrum tilgangi en að valda óþægindum. Ég ætla að reyna að laga það með bornum mínum. Hann tók borinn sinn og boraði í framjaxl tvö, uppi, hægra megin, þarna... Að klukkutíma liðnum, sagði hann við mig: Þetta er nóg í dag, komdu aftur á morgun. Daginn eftir boraði hann í mig af meiri alvöru. Í stuttu máli, þá boraði hann í tönnina mína í fjóra daga og fimmta daginn sagði hann við mig: Því miður get ég ekki farið lengra. Ef ég geri það þá er ég kominn út fyrir mitt verksvið. Er þér ennþá illt í tönninni? Ég svaraði: nei, ekki lengur, núna er mér byrjað að vera illt í auganu. Þetta sagði ég og þá sagði hann: ég ætla að láta þig fá heimilisfangið hjá augnlækni.

EITT: Hvaða augnlækni vísaði hann þér á?

TVÖ: Kýklóp lækni.

EITT: Ég þekki hann, hann er framúrskarandi augnlæknir.

TVÖ: Jæja, Kýklópur læknir horfði í augað á mér með sínu auga, lengi, þeim mun lengur af því að... þú þekkir hann, þú veist að hann er einsýnn, er það ekki?

EITT: Það eru reyndar um það bil tíu ár síðan Kýklópur læknir átti í heldur ofbeldisfullum deilum við konuna sína.

TVÖ: Hann tók augað á mér út, hann hreinsaði það, hann setti það aftur í augntóftina á mér og hann sagði við mig: Ekkert hægt að setja út á augað í þér, það er fullþroskað, já, en það mun ekki rotna í bráð. Nei, vandamálið er ekki augað í þér heldur það sem er að innan. Heimilið þitt er illa málað að innanverðu, litirnir á veggjunum hjá þér pirra sjónhimmuna og það er það sem veldur þér óþægindum. Þannig að hann lét mig fá heimilisfangið hjá málara. Mathieu.

EITT: Sem eftirnafn? Mathieu?

TVÖ: Nei. Mathieu Fess.

EITT: Mathieu er góður málari. En það er ekki allur sannleikurinn.

TVÖ: Mathieu kom þar af leiðandi til mín, hann endurmálaði alla íbúðina mína í fjólubláu, skær rauðu, svörtu og grá-grænu, með einum nærbuxnableikum vegg í hverju herbergi til að tengja allt saman. Í lokin spurði hann mig: Jæja, er þér ennþá illt í augunum? Nei, svaraði ég, núna er mér ekki illt í augunum, mér er illt alls staðar. Og raunin var að mér var illt alls staðar. Æ, sagði hann við mig, ef að þér er illt alls staðar, þá er það fyrir utan mitt starfssvið. Það sem þú þarft er almenn læknisfræði.

EITT: Rökrétt.

TVÖ: Þannig að hann lét mig fá heimilisfangið hjá Honoris lækni.

EITT: Honoris Bidon?

TVÖ: Nei. Honoris Causa.

EITT: Ég þekki hann líka. Afbragðsgóður heimilislæknir.

TVÖ: Hann skoðaði mig, hann hlustaði mig, hann kitlaði mig og að lokum sagði hann við mig: Frá mínum bæjardyrum séð er ekkert að þér. Ef það er eitthvað að þér þá er það eitthvað sem að er fyrir utan mitt starfssvið, það er sjúkdómur. Ég ætla að vísa þér á sérfræðing til að skoða það. Og hann lét mig fá heimilisfangið hjá þér.

EITT: Ég er vissulega sérfræðingur í sjúkdómum. Gott. Við skulum kíkja á þetta. Í fyrsta lagi, ein spurning: Af hvaða sjúkdómi þjáist þú?

TVÖ: Hérna, uhm... Ég verð að játa að ég kom eiginlega til þín svo að þú gætir sagt mér það.

EITT: Ó, hvað um það... það getur varla verið svo alvarlegt. Ég ætla að hlusta þig, þrátt fyrir allt, til að friða samviskuna. Sýndu mér naflann á þér, ef þú vildir vera svo vænn.

TVÖ: Hérna er hann.

EITT: Ég ætla að þrýsta á hann með fingrinum, segðu mér hvernig þér líður þá.

TVÖ: Hey!

EITT: Jæja? Hvernig líður þér?

TVÖ: Mér líður eins og bjöllu sem virkar ekki.

EITT: Ágætt. Þú mátt hylja naflann aftur. Núna ætla ég að sparka vel í þig þarna niðri. Bíddu á meðan ég tek tilhlaup. Einn, tveir, þrír og einn tveir þrír, bommm!

TVÖ: Úff.

EITT: Jæja? Er þér illt alls staðar?

TVÖ: Nei, mér er illt í maganum.

EITT: Nú, hvað viltu að ég segi við þig? Það er eðlilegt.

TVÖ: Uh?

EITT: Það sem er að angra þig er ekki sjúkdómur, þetta er alveg sérstakt tilfelli. Ég ætla að láta þig fá heimilisfangið hjá sérfræðingi fyrir sérstök tilfelli: Ambroise Paré lækni, Ambroise-Paré götu.

TVÖ: Þakka þér fyrir, læknir. Hvað skulda ég þér?

EITT: Ja, þar sem að þú ert sérstakt tilfelli, tek ég ekki nema... sjáum nú til... já, gjörðu svo vel: það gerir sex hundruð franka.

TVÖ: Mikið ertu elskulegur.

5. Bibliographie

- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli – Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík :
Bókmenntafræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1996
- Basnett, Susan. « Translating For The Theatre: The Case Against Performability ». *TTR: Traduction, Terminologie, Rédaction*. vol. 4, n° 1, 1991, p. 99-111.
<https://www.erudit.org/revue/ttr/1991/v4/n1/037084ar.pdf> [site consulté le 13 septembre 2016].
- Bertrand, Olivier. *Diversités culturelles et apprentissage du français*. Paris : Editions Ecole Polytechnique, 2005.
- Beygingarlýsing íslensk nútímamáls*. Orðabók Háskólans / Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. 2002- . <http://bin.arnastofnun.is/forsida/>
- Cazade, Alain. « L’interculturel est-il soluble dans l’humour ? » *Cahiers de l’APLIUT* [En ligne], Vol. XXVIII N° 2, 2009. <https://apliut.revues.org/1067> [site consulté le 21 novembre 2016].
- Centre National de Ressources Textuelles et Lexicales*. « Traduire ». <http://www.cnrtl.fr/definition/traduire/verbe> [site consulté le 21 novembre 2016].
- Conjugaison*. Dictionnaire. Sans année. <http://www.conjugaison.com/>
- Dictionnaire anglais-français*. Linguee. Sans année. <http://www.linguee.fr/francais-anglais>
- Dictionnaire de Français*. Larousse, Encyclopédie. Sans année. <http://www.larousse.fr/dictionnaires/francais>
- Dubillard, Roland. *Les diablogues et autres inventions à deux voix*. France : Éditions Gallimard, 1998[1976].
- En scènes : le spectacle vivant en vidéo*. «Les Diablogues, Roland Dubillard ». 1999. <http://fresques.ina.fr/en-scenes/fiche-media/Scenes00213/les-diablogues-roland-dubillard.html> [site consulté le 21 novembre 2016].

English dictionary. Macmillan. 2009- . <http://www.macmillandictionary.com/>

Ensk-íslenska orðabókin. Éd. Jón Skaptason. 2006. <http://www.snara.is/>

Fernandes, Alienne. « Between Words And Silences: Translating For The Stage And The Enlargement Of Paradigms ». *Queens University of Belfast*. 2010. <https://periodicos.ufsc.br/index.php/scientia/article/viewFile/1980-4237.2010n7p119/13470> [site consulté le 13 septembre 2016].

French-English Dictionary. HarperCollins Publishers. 2005. <http://dictionary.reverso.net/french-english/>

Frönsk-íslensk orðabók. Éd. Þór Stefánsson. 1995. <http://www.snara.is/>

Garðar Gunnlaugsson. *Tónastöðin*. Entretien téléphonique: 25 octobre 2016.

Gauti Kristmannsson. « Teoría, tryggð og túlkun ». *Jón á Bægisá: Tímarit þýðenda*. 1995. 2/1995, p. 5-21.

Jennepin, Delatour. *Nouvelle Grammaire Du Français: Cours De Civilisation Française De La Sorbonne*. Washington: Continental Book Co; Out of PRINT édition, 2005.

Knapp, Bettina L. « Les nouveaux dialogues by Roland Dubillard ». *Board of Regents of the University of Oklahoma*. 1989. <http://www.jstor.org/stable/pdf/40145569.pdf> [site consulté le 13 septembre 2016]

Morgunblaðið. « Þéranir á meðal vor ». 1999. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1949629 [site consulté le 21 novembre 2016].

Le site officiel de Roland Dubillard. « Le poète ». <http://www.roland-dubillard.fr/biographie/1923-1944> [site consulté le 13 septembre 2016]

Les rencontres poétiques. « Rencontres poétiques avec Roland Dubillard 2015-2016: L'Atelier de poète » file:///C:/Users/User/Downloads/Roland%20Dubillard%20-%20L'atelier%20du%20po%C3%A8te.pdf [site consulté le 13 septembre 2016]

Lyfjastofnun. « Diclomex Rapid ». 2016.
https://www.serlyfjaskra.is/FileRepos/9ed3bed6-1566-e611-80d1-ce1550b700f3/Diclomex_Rapid-sedill.pdf [site consulté le 17 octobre 2016].

Théâtre du Rond-Point. « Les Diablogues ». 2008.
<http://www.theatredurondpoint.fr/spectacle/les-diablogues/> [site consulté le 21 novembre 2016].

Théâtre le Crève-Cœur. « « Les Diablogues » de Roland Dubillard par le théâtre Spirale ». 2016. <https://www.theatreducevecoeur.ch/spectacle/les-diablogues/> [site consulté le 21 novembre 2016].

Þórunn Blöndal. *Lifandi mál: Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2005, p. 144-145.